



Fundargerð aðalfundar **Heilbrigðiseftirlits Suðurlands**

haldinn í fjarfundi 30. október 2020

Nóvember 2020

1. Aðalfundarstörf

a) Setning – formaður stjórnar

Helgi Sigurður Haraldsson, formaður, setur fundinn og býður fulltrúa velkomna.

b) Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Björku Grétarsdóttur sem fundarstjóra. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

Björk Grétarsdóttir, fundarstjóri, tekur til máls og leggur til að Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari. Er það samþykkt samhljóða.

c) Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd	Sveitarfélag
Aldís Hafsteinsdóttir, formaður	Hveragerðisbær
Ari Björn Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Kristján Guðnason	Sveitarfélagið Hornafjörður

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

d) Skýrsla stjórnar

Helgi Sigurður Haraldsson, formaður heilbrigðisnefndar, flytur skýrslu stjórnar. Ræðir hann um störf HSL frá síðasta aðalfundi en haldnir hafa verið 8 stjórnarfundir.

Brauðbarsmálinu í Krónunni á Selfossi er lokið en HSL vann málið í héraðsdómi og í Landsrétti. Einnig vannst mál sem fór fyrir Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamál um málefni

Fiskmarks í Þorlákshöfn, þar sem ekki var veitt áframhaldandi starfsleyfi vegna lyktarmengunar.

Hreinsunarátakið sem haldið hefur verið úti á annað ár hefur gengið vel, þó kom smá bakslag í verkefnið eftir að umboðsmaður Albingis ályktaði um að ekki mætti líma aðvörun á bíla án þess að tilkynna eiganda um það en það er ekki auðvelt þar sem yfirleitt er um að ræða númerlausa bíla og ekki vitað hver eigandi er. Verið er að bíða eftir niðurstöðu í því máli. Breytingar á samþykktum liggja fyrir fundinum eftir ábendingar frá hinu opinbera varðandi samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.

Unnið er að rafrænum lausnum hjá HSL og er unnið að því með island.is.

Hið opinbera fékk KPMG til að gera úttekt á opinberu eftirliti hjá eftirlitsskyldum aðilum þ.e. heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Eftir að skýrslan kom út má sjá að ákveðin barátta er á milli eftirlitsaðila, verður fróðlegt að sjá hvort að einhverjar sameiningar eða tilfærslur verði á eftirliti.

Einnig hefur verið mikil barátta um skráningarreglugerð sem kom til umsagnar frá umhverfisráðuneytinu. Þar er lagt til að taka hluta að starfsleyfisskyldum fyrirtækjum frá heilbrigðiseftirlitunum og breyta í skráningarskyld fyrirtæki yfir til Umhverfisstofnunar, en þannig að HSL verði áfram með eftirlitsskyldur hjá þessum fyrirtækjum. Heilbrigðiseftirlitin hafa mótmælt þessu, spurningin er hvort eftirliti sé ekki best komið í nærsamfélagi þar sem menn þekkja til starfseminnar og umhverfisins?

e) Skýrsla framkvæmdastjóra

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, flytur ársskýrslu HSL. Kynnir hún nefndarmenn og

starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Fer hún yfir hlutverk heilbrigðiseftirlitsins sem er fyrst og fremst að gæta hagsmuna neytenda með hollustuháttum og matvælaeftirliti ásamt því að stuðla að náttúruvernd með umhverfis- og mengunarvarnareftirliti. Eftirlit er m.a. haft með sundstöðum, veitingarstöðum, smásöluverslun, gróðurhúsum og neysluvatni. Sveitarstjórnum er skylt að reka heilbrigðiseftirlit skv. lögum en þó eru ákvarðanir eftirlitsins endanlegar og ekki háðar staðfestingu sveitarstjórnar.

HSL er í miklu samstarfi við aðrar stofnanir bæði sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, og ýmsar stofnanir ríkisins.

Starfsmenn er mikil auðlind en starfsmenn HSL eru átta þar á meðal er starfmaður sem ráðinn var inn vegna hreinsunarátaksins sem hófst árið 2019.

Starfssvæðið nær yfir 14 sveitarfélög en mikil og góð samskipti eru þar á milli, en einnig eru 8 embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Það mætti mögulega efla samvinnu við sveitarfélögini vegna starfsleyfa.

Um 350 starfsleyfi eru gefin út á hverju ári ásamt fjölmörgum öðrum leyfum. Eitt sinn var bara ein reglugerð en í dag er ekki hægt að setja tölu á reglugerðir sem unnið er eftir.

Í árskýrslu koma fram margar tölulegar upplýsingar, s.s. um sýnatöku, niðurstöður ýmissa verkefna, sérstakur kafla er um neysluvatn, eftirlit með gæðum baðvatns á sund og baðstöðum o.fl. Ræddi hún um mikilvægi þess að standa vörð um Þingvelli.

HSL hefur eftirlit með 6 loftgæðamælum. Nú er búið að koma upp loftgæðamæli fyrir svifryk í Reykholti, líklega verður settur upp annar slíkur mælir á Suðurlandi fljótlega. Hægt er að fara inn á vefinn www.loftgaedi.is og kynna sér ástandið hverju sinni.

Ræddi hún um vatnamál en sveitarstjórnir og heilbrigðiseftirlitin eiga fulltrúa í vatnasvæðisnefndum. HSL á fulltrúa í vatnaráði. Jafnframt hefur HSL tekið að sér ýmis verkefni því tengdu. Má þar nefna sýnatöku úr þremur ám á svæðinu í samvinnu við UST til greininga á mengandi efnum.

Matvælaeftirlit er hluti að skyldum HLS. Helstu mál sem voru í gangi árið 2019 voru m.a. brauðbarsmálið í Krónunni og STEC E-coli faraldur í Efstadal.

Verkefnin í ár hafa verið fjölbreytt en tekið var í notkun eftirlitskerfið Ísleyfur sem MAST skaffar. Þau hafa reynt eftir fremsta megni að halda úti lögbundnu eftirliti þrátt fyrir Covid-19 og hefur það gengið þokkalega. Að auki hafa þau lagt sóttvarnalækni lið við gerð leiðbeininga á starfsemi sem er undir eftirliti HLS.

Fráveitmál við Þingvallavatn hefur verið á borði hjá þeim. Salmonella hefur láta á sér kræla á Suðurlandi og hafa þau unnið í þeim málum.

Hreinsunarátak á lóðum og lendum er í fullum gangi og gengur vel.

Einnig nefndi hún skráningarreglugerðina sem hefur verið til umsagnar. Heilbrigðisnefndir hafa mótmælt henni og á aðalfundi Samtaka heilbrigðiseftirlita var sett fram ályktun um þetta efni, er það loka tilraun til að láta sig málið varða.

Á komandi ári verður unnið að nýsköpun hjá HLS og verður það í formi rafrænna umbreytinga. Það er gerð meiri krafa um sjálfvirkni og sýnileika. Fyrirhugað er að setja umsóknir á stafrænt form og eiga starfsmenn að geta gefið út leyfi með rafrænum hætti, einnig mun gögnum og öðru vera skilað inn rafrænt. Nú þegar eru reikningar gerðir á rafrænu formi. Þegar að umsóknir fara í rafrænar umbreytingar þá munu umsóknir berast í gegnum island.is og fara beint inn í skjalakerfið. Þetta er hagræðing bæði fyrir starfsmenn og viðskiptavini.

Það á að vera sýnileiki um frammistöðu matvælafyrirtækja o.fl. aðila og stefna þau á að það verði orðið árið 2021.

Kjarasamningar boða styttingu vinnuviku og verður með því betri nýting á mannauði.

f) Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 61 en gild kjörbréf eru fyrir 61 fulltrúa. Alls eru 39 aðalfulltrúar mættir og 5 varamenn og 17 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

g) Ársskýrsla 2019

Sigrún Guðmundsdóttir gerir ársskýrslu 2019 skil í skýrslu stjórnar hér fyrr.

h) Kynning vegna hreinsunarátaks í umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Sigrún fer yfir árangur í hreinsunarátaki HSLÍ máli og myndum. Átakið hófst ekki að fullum krafti fyrr en í mars 2019. Það árvorou stofnuð 84 verkefni og bættust við 42 árið 2020. Lokið hefur verið 38 mál.

Unnið er í samvinnu við starfsmenn sveitarfélaganna en fengin eru lóðablöð og ljósmyndir teknar af svæðinu sem þarf að hreinsa. Allir þinglýstir eigendur fá símtal og oft er þá gert samkomulag en í framhaldi fá þeir send bréf með ljósmyndum af svæðinu sem þarf að hreinsa. Ef lítið sem ekkert gerist er bréf númer 2 sent út með dagsetningu á því hvenær hreinsun skal lokið. Bréf nr. 2 er tekið fyrir á fundi heilbrigðisnefndar og verður þar með opinbert mál. Ef ekkert gerist þá er farið í hreinsum á vegum eftirlitsins. Hægt er að sjá yfirlit í skýrslunni yfir fjölda mála í hverju sveitarfélagi.

Límt var á 75 bíla á árinu 2019 og 96 þar sem af er ári. Eins og áður sagði hefur umboðsmaður Alþingis mál til skoðunar varðandi álímingar á bíla en ekki má líma á bíla inni á einkalóð en HSL hefur haldið sig við að líma á bíla á opnum svæðum og lóðum sveitarfélaganna.

Sýnir hún árangur í máli og myndum fyrir og eftir hreinsun. Það hefur tölувart áunnist en það eru mörg og stórr verkefni eftir.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Ásta Stefánsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir taka til máls.

i) Tillaga um framhald hreinsunarátaks

Helgi Sigurður Haraldsson, formaður, tekur til máls.

Eftifarandi tillaga var lögð fram á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á fjarfundi 30. október 2020.

Á 207. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands 25. september sl. var samþykkt að leggja fyrir aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands svohljóðandi tillögu:

Lag er til að átaksverkefni verði framlengt um „Hreint Suðurland“ sem hófst á síðasta ári með tiltekt á lóðum og opnum svæðum á grundvelli heimilda í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir. Framkvæmdin verði þannig að áfram munis sveitarfélögin leggja til fjármagn fyrir einn starfsmann hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í verkefnið á árinu 2021 líkt og samþykkt var á aðalfundi í fyrra fyrir yfirstandandi ár.

Með tillögum fylgir skýrsla um gang mála við hreinsunarátakið frá því verkefnið hófst í lok mars í fyrra.

Vísað í heimildir í reglugerðum:

Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem segir í 18. gr. 1. mgr: „Eigandieða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi

lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði“ og 20. gr. 1. mgr.: „Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“.

Þá er einnig bent á 17. gr. (sem upphaflega var 16. gr.) reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs: „Umráðamönnum lóða erskylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhuss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.“ Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, efnauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og efsérstök ástæða er til niðurrit húsa og girðinga í niðurniðslu. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerlausar bifreiðar og bíflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarðum. Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Tillaga um framlengingu á átaksverkefninu „Hreint Suðurland“ er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

j) Ársreikningur 2019

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir ársreikning ársins 2019. Rekstrartekjur ársins voru rúmlega 138 m.kr. Rekstrargjöld ársins voru tæplega 134 m.kr. Rekstrarhagnaður ársins er rúmlega 5 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

k) Tillaga að fjárhagsáætlun 2021

Sigrún Guðmundsdóttir kynnir fjárhagsáætlun 2021.

Helstu tölur eru að áætlaðar rekstrartekjur verði 141,5 m.kr. og áætluð rekstrargjöld 141,2 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

l) Tillaga að gjaldskrá

Lögð er fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 4% heildarhækkun.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Tillögur til samþykktar

Ársreikningur er borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

Tillagan að gjaldskrá er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga að fjárhagsáætlun er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

m) Tillaga að viðbragðsáætlun um bætt loftgæði á Suðurlandi

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir tillögu að viðbragðsáætlun um bætt loftgæði á Suðurlandi.

Ræðir hún um áætlun um loftgæði á Íslandi sem gefin var út árið 2018 og gildir til 2029.

Andrúmsloft á Íslandi er almennt mjög gott en mengun frá umferð er þó til vandræða hér á landi. Á Suðurlandi er að auki hálandisryk og aska sem er að valda loftlagsmengum. Fór hún yfir nokkrar mælingar.

Sigrún lagði til að drög að viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði utandyra fyrir Suðurland yrði samþykkt.

Fundarstjórigefur orðið laust Helgi Kjartansson og Sigrún Guðmundsdóttir taka til máls.

Tillaga um drög að viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði utandyra á Suðurlandi er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

n) Tillaga að breytingu á samþykktum Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.

Helgi Sigurður Haraldsson, formaður stjórnar fer yfir og leggur til breytingar á samþykktum fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Fundarstjóri gefur orðið laust Helgi Kjartansson og Helgi Sigurður Haraldsson taka til máls.

Athugasemd er gerð við grein 10.2

Breyting á samþykktum þessari telst samþykkt, eftir hún nýtur stuðnings 2/3 hluta kjörinna fulltrúa á lögmætum aðalfundi aðildarsveitarfélaga á lögmætum aðalfundi.

Á þetta einnig við grein 4.1 – 9.3 og 9.4.

Formaður leggur til að afgreiðslu á tillögum á breytingum á samþykktum HSL verði frestað um ár og leitað verði eftir álti lögræðings.

Tillaga um að fresta afgreiðslu á tillögum á breytingum á samþykktum HSL er það borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

o) Önnur mál

Fundarstjórigefur orðið laust, enginn tekur til máls.

2. Almennar umræður

Fundarstjórigefur orðið laust, enginn tekur til máls.

3. Fundarslit

Helgi S. Haraldsson, formaður, þakkar starfsfólk og stjórn fyrir samstarfið og hvetur aðildarsveitarfélög til að nýta sér hreinsunarátakið

Fundi slitið kl: 10:34.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.